

Alþjóðadagur læsis 8. september 2011



Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Bókasafn HA, Amtsbókasafnið á Akureyri, Akureyrarstofa.
Ábyrgðarmaður: Rósa Eggertsdóttir HA

Alþjóðadagur læsis 8. september
Frá árinu 1965 hafa Sameinuðu þjóðirnar helgað 8. september málefnum læsis. Í ár taka Íslendingar í þriðja skiptið þátt í þessum alþjóðlega degi.

Miðstöð skólaþróunar við HA, Bókasafn HA, Amtsbókasafnið og Akureyrarstofa starfa saman að undirbúningi læsisviðburða.

Samband íslenskra sveitarfélaga setur alþjóðadag læsis 8. september á skóladagatal.

Fleiri hugmyndir

Lyfjabúðin í Hrísalundi lætur vísur og málshætti fylgja lyfjum.

Margir muna eftir tímabili þegar Strætó í Reykjavík festi bækur með keðju við sætin, svo fólk gæti gluggað í bók á leiðinni.

Ölduselsskóli hefur tekið þátt í verkefninu *Orði af orði* sem hefur að markmiði að efla orðaforða, skilning og námsárangur nemenda. Sérstaka vekur framlag sundkennara skólans til að efla orðaforða nemenda. Hér er eitt lítið dæmi um hugvitsamlega leið hans í orðakennslu í sundi. Hann plastar orðhluta (ver fyrir raka), setur í þá sökkur og dreifir þeim um botn laugarinnar þar sem mest dýpi er. Verkefni nemenda er að kafa og sækja orðhluta í hvora hönd, mynda lið þriggja til fimm nemenda, troða marvaða í nokkrar mínútur og reyna á meðan að búa til eins mörg orð og þeir geta sett saman úr orðhlutum.

Hugmyndir í safnpott. Ef þú lumar á skemmtilegri læsishugmynd—
endilega sendið hana á netfangið rosa@unak.is

Ný rannsókn um yndislestur og áhugahvöt

Nýútskrifaður lestrarfræðingur Herdís Friðfinnsdóttir kynnir meistaraverkefni sitt við Háskólann á Akureyri, á Sólborg 8. september í stofu L202 kl. 15:20-16:20. Erindi Herdísar heitir Áhrif áhugahvatar á lestrarnám nemenda í 6. bekk grunnskóla. „Ef ég les eitthvað sem mér finnst skemmtilegt eða spennandi, þá langar mig að lesa meira og meira og vita meira...“

Bók í mannhafið



Á degi læsis 8. september 2011 verður 30 bókakössum dreift á fjölmenna staði á Akureyri, s.s. í kaffihús, verslanir, flugvöll, banka, heilsugæslu, umferðamiðstöð, o.fl., að fengnu leyfi.

Í kössunum eru ókeypis bækur sem fólk á öllum aldri getur tekið heim með sér.

Að lestri loknum er bókinni komið fyrir í sambærilegum bókakassa eða á stað sem er aðgengilegur öðrum.

Hver bókkarkápa verður merkt með límmiða þar sem stendur *Bók í mannhafið*.

Bókakassarnir standa út september og lengur ef áhugi er fyrir hendi.

Almenningur getur einnig sett sínar eigin bækur í mannhafið með því að setja límmiða framan á bókina þar sem stendur *Bók í mannhafið* skilja hana eftir á fjölförnum stað.

Landið er fagurt og frítt með framtakssömu fólki:

Útbúið sjálf *Bók í mannhafið*, t.d. á vinnustaðnum eða skólanum

Fólk um allt land er hvatt til að gera sér dagamun í formi lestrar 8. september n.k. sem veitendur, njótendur og þiggjendur.

Sjá má fyrir sér misformlega röð viðburða þar sem fólk í nærsamfélaginu, á hvaða aldri sem er, eigi stund saman þar sem tungumálið er í fyrirrúmi – talað, lesið, skrifað, hlustað. Viðmiðið er að viðburðurinn tengist ritmálinu með einum eða öðrum hætti. Lagt er til að yfirbragð hvers dagskrárliðar verði með léttu móti og sem flestir geti orðið virkir þátttakendur.

Tími hvers viðburðar getur staðið í nokkrar mínútur eða teygt sig yfir allan daginn eftir því sem hentar. Staðsetning getur verið hvar sem er, úti eða inni, á heimilum, á vinnustöðum, í skólum, á bókasöfnum, í verslunum, á götuhornum, sundlaugum og um borð í skipum og flugvélum.

